



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Anna Kristinsdóttir

Umsögn um stefnumótun ungs fólks – 16 ára og eldri

Eftirfarandi umsögn er veitt að beiðni borgarráðs.

Stefnan er vel unnin, skilmerkilega fram sett og í henni eru margar góðar tillögur.

Efnislegar ábendingar:

Í kaflanum virkni og þátttaka verði tilgreint að leggja þurfi áherslu á virkni fatlaðs fólks eftir að framhaldsskóla lýkur.

Í kaflanum Húsnæði, samgöngur og velferð ungs fólks verði sérstaklega fjallað um áherslur Reykjavíkurborgar vegna fatlaðs fólks. Það mætti t.d. standa: Stuðlað verði að raunverulegu vali fatlaðs fólks um búsetuform.

Framkvæmd:

Að fenginni reynslu þá er skiptir höfuðmáli að kynna vel stefnuna þannig að stjórnendur og annað starfsfólk þekki skyldur sínar. Þetta er tímafrekt starf en mikilvægt og því væri gott að ákveða hvaða leiðir skuli farið í því sambandi.

Það er góð hugmynd að fela sviðum að setja verkefni inn í sína starfsáætlun en það er ekki skýrt í stefnunni hver muni fylgja því eftir að sú verði raunin eða með hvaða hætti það skuli gert. Einnig þarf að fela einhverjum að kalla til þess samstarfs sem sviðin eiga að hafa með sér.

Anna Kristinsdóttir

